

- d. Fyrir að vera úti í skipum greiðist kr. 2000.00 á sólarhring eða hluta úr sólarhring, þar til hafnsögumaður er kominn aftur heim, auk þess greiðist fæði og útlagður ferðakostnaður heim.

10. gr.

49. grein orðist þannig:

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð landshafnarinnar.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 20. október 1972.

Hannibal Valdimarsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 202 frá 11. september 1970 um lánveitingar
húsnæðismálastjórnar úr Byggingarsjóði ríkisins.**

1. gr.

Fyrirsögn V. kafla hljóði svo:

Lán vegna eldri íbúða.

2. gr.

27. gr. orðist svo:

Húsnæðismálastjórn er heimilt að lána úr Byggingarsjóði allt að 80 milljónum króna á ári til kaupa á eldri íbúðum og til þeirra endurbóta á eigin íbúðum öryrkja, sem nauðsynlegar eru til þess að gera þær hæfari til íbúðar fyrir þá.

Ákvæði þessa kafla um lán til kaupa gilda eftir því sem við á um lán til endurbóta á íbúðum öryrkja.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 3. gr. laga nr. 72 1. júní 1972 staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 27. október 1972.

Hannibal Valdimarsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.